

Trúarlærdómur á haustönn

Signing

Í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda. Amen.

Bæn Drottins (Lúk. 11:2-4)

Faðir vor, þú, sem ert á himnum.

Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni.

Gef oss í dag vort daglegt brauð.

Og fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum.

Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu.

Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen.

Bæn að eigin vali (sjá bænabók)

Hvað gerðist á?

1. Hvað gerðist á jólnunum?

Svar: *Jesús fæddist.*

2. Hvað gerðist á pálmasonnundag?

Svar: *Jesús reið inn í Jerúsalem og fólkíð breiddi pálna á götuna.*

3. Hvað gerðist á skírdag?

Jesús þvoði fætur lærisveinanna (að skíra merkir að hreinsa) og borðaði síðustu máltíðina með vinum sínum.

4. Hvað gerðist á föstudaginn langa?

Jesús var krossfestur.

5. 5. Hvað gerðist á páskadag?

Jesús reis upp frá dauðum.

6. 6. Hvað gerðist á uppstigningardag?

Jesús steig upp frá dauðum.

7. 7. Hvað gerðist á hvítasunnu?

Heilagur andi kom yfir lærisveinana og kirkjan varð til.

Trúarlærdómur á vorönn

Tvöfalda kærleiksboðið (Mt. 22:37-39)

Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Annað er hliðstætt þessu: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.

Litla Biblían (Jóh. 3:16)

Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.

Gullna reglan (Matt. 7.12):

Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.

Postullega trúarjátningin

Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.

Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottinn vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, þíndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja

degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða.

Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisu holdsins og eilíft líf.

Blessunarorðin (4. Mósebók 6:24)

Drottinn blessi þig og varðveiti þig. Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur. Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið. Amen.

Boðorðin tíu (2. Mósebók 20:1-17)

1. Ég er Drottinn Guð þinn, þú skalt ekki aðra guði hafa.
2. Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma.
3. Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan.
4. Heiðra skaltu föður þinn og móður.
5. Þú skalt ekki morð fremja.
6. Þú skalt ekki drýgja hór.
7. Þú skalt ekki stela.
8. Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum.
9. Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns.
10. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, þjón, þernu né nokkuð það sem náungi þinn á.